



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/1606**  
**komudagur 22.3.2012**

14. mars 2012  
SI-82946

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með skeyti dags. 8. mars 2012 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ráðstafanir til að lækka eldsneytisverð (lækkun olúgjalds og vörugjalds), 559. mál á 140. löggjafarþingi.

Efni frumvarpsins fellur ekki beinlínis undir lögbundin viðfangsefni Seðlabankans. Fjármál og afkoma ríkissjóðs eru hins vegar mikilvæg fyrir starfsemi bankans og verðbólgu markmiðið sem hann fylgir samkvæmt lögum.

Verði frumvarpið að lögum, verða króntölugjöld á bensín lækkuð um 32 kr. frá því sem nú er og á olíu um 25,6 kr. á tímabilinu apríl til desember 2012. Álagður virðisaukaskattur á hvern lítra lækkar þá líka, en í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að eldsneytissala aukist og vegi upp að hluta tapaðar skatttekjur. Í greinargerðinni er einnig gert ráð fyrir að álagning lækki. Ekki er hins vegar augljóst að svo verði.


Það er alvarlegur galli á frumvarpinu að ekki er gerð grein fyrir áhrifum ákvæða þess á tekjur ríkissjóðs. Miðað við forsendur frumvarpsins, að lægri álagningu slepptri, verður að gera ráð fyrir að með lögfestingu þess lækki bæði tekjur ríkisins og eldsneytissala í krónum umtalsvert á tímabilinu sem frumvarpið tekur til frá því sem annars yrði.

Fyrir utan þessi áhrif á skatttekjur er vert að hafa í huga að ætla má að lækkun skatta á innflutta vöruflokka þar sem verðteygni er veruleg, komi til með að veikja viðskiptajöfnuð og skapa þrýsting á gjaldmiðilinn að öðru óbreyttu.

Skattalækkun af þessu tagi má fjármagna með a.m.k. þrennu móti: með hækkun annarra skatta, með niðurskurði útgjalda og með lántöku, þ.e.a.s. halla á ríkissjóði. Miðað við stöðu ríkissjóðs telur Seðlabankinn hallaleiðina afar óæskilega og leggst eindregið gegn því að frumvarpið verði samþykkt án raunverulegrar fjármögnunar. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun og ekki fyrir Seðlabankann að meta hvort skynsamlegt er að hækka aðra skatta eða skera niður í öðrum verkefnum til að létta undir með bifreiðaeigendum.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Þórarinn G. Pétursson  
aðalhogfræðingur